

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Lífsbjörg okkar

Öldungur Kevin R. Duncan
af hinum Sjötíu

Veturinn 1848 var harður og erfiður fyrir frumbyggjana í Saltvatnsdalnum. Sumarið 1847 hafði Brigham Young lýst því yfir, að hinir heilögu hefðu loks náð ákvörðunarstað sínum. „Þetta er staðurinn,“ sagði Young forseti, sem fengið hafði vitrun um hvar hinir heilögu ættu að hefja landnám sitt. Meðlimirnir á fyrstu árum kirkjunnar höfðu tekist á við gríðarlega erfiðleika á þeim tíma er fagnaðarerindið var endurreist. Þeir höfðu verið hraktir frá heimilum sínum, ofsóttir og eltir uppi. Þeir höfðu þolað ómældar þrautir á ferð sinni yfir sléttunna. En nú höfðu þeir loks komist á „réttan staðinn.“

Og ekki bætti úr skák að veturinn 1848 hafði verið gríðarlega harður. Kuldinn var svo mikill að fætur sumra kólu illilega. Eirðarleysis tók að gæta meðal hinna heilögu. Sumir meðlimir kirkjunnar lýstu því yfir að þeir hygðust ekki reisa heimili sín í dalnum. Þeir kusu að dvelja áfram í vögnum sínum, og voru vissir um að leiðtoga ráð kirkjunnar mundi vísa þeim á ákjósanlegri stað. Þeir höfðu flutt með sér útsæði og ávaxtaþlöntur, en vildu ekki hætta á að gróðursetja í hrjóstrugan og ófrjóan jarðveginn. Jim Bridger, vel þekktur landkönnuður þess tíma, greindi Brigham Young frá því að hann hygðist greiða þúsund dali fyrir fyrsta kornsekkinn sem land Saltvatnsdalsins gæfi af sér, því hann sagði það ekki mögulegt.¹

Til að flækja málið enn frekar hafði gull fundist í Kaliforníu. Sumir meðlimir kirkjunnar sáu fyrir sér auðveldara og betra líf, ef þeir færu til Kaliforníu í leit að auðæfum og betra árferði.

Í þessu andrúmslofti óánægju ávarpaði Brigham Young kirkjumeðlimi. Hann sagði: „[Þessi dalur] er sá staður sem Guð hefur tilnefnt fólki sínu. Okkur hefur verið sparkað út af steikarapönnunni í eldinn, úr eldinum út á mitt gólfíð, og hér erum við og hér munum við áfram verða. Guð hefur sýnt mér, að þetta er staðurinn fyrir fólk hans, og það er hér sem það mun njóta velmegunar; hann mun tempra veðurfarið til góðs fyrir hina heilögu; hann mun lægja frostið og bæta ófrjósemi jarðvegsins, og landið mun bera ávöxt. Bræður, farið nú og síið ... fræjum ... ykkar.“ Auk þessara blessana, lýsti Young forseti því yfir að Saltvatnsdalurinn yrði þekktur sem þjóðbraut fyrir þjóðirnar. Konungar og keisarar ættu eftir að vitja landsins. Og það sem betra væri, musteri Drottins yrði þar reist.²

Þetta voru undursamleg loforð. Margir meðlima kirkjunnar settu traust sitt á þennan spádóm Brighams Young, en sumir urðu áfram fullir efasemda og héldu för sinni áfram í leit að því sem þeir töldu betra líf. Sagan hefur þó sýnt að allir spádómar Brighams Young hafa uppfyllst. Dalurinn blómstraði og bar ávöxt. Hinum heilögu vegnaði vel. Veturinn 1848 var ákjósanlegur fyrir Drottin til að kenna fólki sínu dýrmæta lexíu. Því lærðist – líkt og okkur öllum þarf að lærast – að eini öruggi og óbrigðuli vegurinn sem veitir vernd í þessu lífi er að reiða sig á og hlíta leiðsögn spámanna Guðs.

Vissulega er ein æðsta blessun aðildar að þessari kirkju sú að njóta handleiðslu lifandi spámanna Guðs. Drottinn hefur sagt: „Aldrei [er] nema einn á hverjum tíma, sem fengið hefur þetta vald, svo og lykla þessa prestdæmis.“³ Spámaður og forseti kirkjunnar nú, Thomas S. Monson forseti, tekur á móti orði Guðs fyrir alla meðlimi kirkjunnar og fyrir allan heiminn. Auk þess styðjum við einnig ráðgjafana í Æðsta forsætisráðinu og þá sem skipa Tólfpostulasveitina sem spámenn, sjáendur og opinberara.

Hinir fyrri tíma heilögu þurftu vissulega að reiða sig á spámann sinn, kalnir á fótum í hrjóstrugu landi. Afkoma þeirra og líf var í húfi. En Drottinn umbunaði þeim fyrir hlýðnina, blessaði þá og veitti þeim farsæld sem fylgdu talsmanni hans.

Drottinn gerir það sama fyrir okkur nú. Veröldin er yfirfull af sjálfshjálparritum, svo mörgum sjálfskipuðum snillingum, svo mörgum hugmyndasmiðum, fræðurum og heimspekingum, sem hafa eitthvað til málanna að leggja um allt og ekkert. Með nútíma tækni er hægt að finna upplýsingar um ótal efnisflokka með einum áslætti. Það er auðvelt að falla í þá gryfju að reiða sig á „arm holdsins“ í leit að sértækri leiðsögn, allt frá barnauppleði til hamingjuleitar. Þótt margar upplýsingarnar séu góðar og gildar, höfum við sem meðlimir kirkjunnar aðgang að hreinni sannleiksuppsprettu, já, sjálfum Guði. Það væri okkur gagnlegt að leita lausna við vanda okkar og spursmálum með því að kanna hvað Drottinn hefur opinberað með spámönnum sínum. Með þessari sömu tækni getum við með einum áslætti fundið orð spámannanna um næstum alla efnisflokka. Hvað hefur Guð sagt um hjónabandið og fjölskylduna með spámönnum sínum? Hvað hefur hann sagt um menntun og forsjálni með spámönnum sínum? Hvað hefur hann sagt um hamingju og lífsfyllingu með spámönnum sínum?

Sumum kann að finnast það sem spámennirnir kenna vera úrelt, óvinsælt eða jafnvel óframkvæmanlegt. En Guð er Guð reglu og hefur komið á kerfi, sem við getum nýtt til að þekkja vilja hans. „Nei, Drottinn Guð gjörir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnum sínum, ráðsályktun sína.“⁴ Við innleiðingu þessarar ráðstöfunar í fyllingu tímanna, staðfesti Drottinn enn á ný að hann mundi eiga samskipti við okkur með spámönnum sínum. Hann sagði: „Orð mitt [mun] ... allt uppfyllast, hvort sem það er sagt með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu.“⁵

Að reiða sig á spámanninn og fylgja honum er meira er blessun og forréttindi. Ezra Taft Benson forseti sagði: „Hjálpræði okkar er háð því að við fylgjum spámanninum.“ Hann greindi frá því sem við nefnum „Fjórtán grundvallaratriði við að fylgja spámanninum.“ Nú í morgun, á þessum ráðstefnuhluta, veitti öldungur Claudio Costa, úr forsætisráði hinna Sjötíu, frábæra kennslu um þessi fjórtán grundvallaratriði. Þar sem þau eru afar mikilvæg, mun ég endurtaka þau.

1. Spámaðurinn er eini maðurinn sem talar fyrir hönd Drottins í öllu.
2. Hinn lifandi spámaður er okkur mikilvægari en helgiritin.
3. Lifandi spámaður er okkur mikilvægari en látinn spámaður.
4. Spámaðurinn mun aldrei leiða kirkjuna afvega.
5. Ekki er þess krafist að spámaðurinn hafi einhverja jarðneska þjálfun eða meðmæli til að ræða ákveðin mál eða til einhverra framkvæmda á ákveðnum tímum.
6. Spámaðurinn þarf ekki að segja, „svo segir Drottinn“ til að gefa okkur ritningar.
7. Spámaðurinn segir okkur það sem við þurfum að vita, ekki alltaf það sem við viljum vita.
8. Röksemdir manna setja spámanninum engar skorður.
9. Spámaðurinn getur hlotið opinberun varðandi hvaða mál sem er – stundlegt eða andlegt.
10. Spámaðurinn getur tekið þátt í borgaralegum málum.
11. Þeir tveir hópar sem erfiðast eiga með að fylgja spámanninum eru hinir hrokafullu sem lærðir eru og hinir dramsöm sem ríkir eru.
12. Ekki er víst að spámaðurinn verði vinsæll í augum heimsins eða hinna veraldlegu.
13. Spámaðurinn og ráðgjafar hans mynda Æðsta forsætisráðið – æðstu sveit kirkjunnar.
14. Fylgið hinum lifandi spámanni og Æðsta forsætisráðinu og hljótið blessun; hafnið þeim og þjáist.“⁶

Bræður og systur, við getum, líkt og hinir heilögu 1848, valið að fylgja spámanninum eða reitt okkur á arm holdsins. Megum við hafa þá visku að setja traust okkar á hina lifandi

spámenn og postula og fylgja þeim. Ég er vitni um gæsku þeirra og ég ber vitni um að þeir eru kallaðir af Guði. Ég ber vitni um að engin öruggari leið er til að takast á við lífið, finna lausnir á vanda okkar, hljóta hamingju í þessum heimi og standa vörð um hjálpræði okkar, en sú að hlíta orðum þeirra. Ég ber þessu vitni í hinu helga nafni Drottins, Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Bryant S. Hinckley, *The Faith of our Pioneer Fathers*, 9–19; og „Remarks at Pioneer Day Commemoration Concert,“ Gordon B. Hinckley, *Ensign*, okt. 2001, 70–72.
2. Sjá Hinckley, *The Faith of our Pioneer Fathers*, 9–19; og *Ensign*, okt. 2001, 70–72.
3. K&S 132:7.
4. Amos 3:7.
5. K&S 1:38.
6. „Fourteen Fundamentals in Following the Prophet,“ *1980 Devotional Speeches of the Year*, [1981], 29.